

# Skólaráðsfundur haldinn 12.04.2016

---

Mæting: Erna Hjaltadóttir og Eyrún Eik Gísladóttir sem fulltrúar nemenda. Jónas Fjeldsteð og Ásdís Melsted sem fulltrúar foreldra, Kristján Meldal fulltrúi starfsmanna úr grunnskóladeild, Kristbjörg María Einarsdóttir fulltrúi starfsfólks í leikskóla og Þorkell Cýrusson skólastjóri.

## 1. Skóladagatal leikskóladeildar

- Skóladagatal lagt fram og rætt. Ekki voru gerðar neinar athugasemdir við það og nema að nokkuð var um villur (ásláttarvillur) í því sem skólastjóri tók að sér að lagfæra

## 2. Skóladagatal grunnskóladeildar

- Skólastjóri lagði fram skóladagatal grunnskóladeildar sem er nokkuð breytt frá fyrri árum. Starfsmannafundur kom með nokkrar breytingar á því dagatali sem skólastjóri lagði fram á starfsmannafundi. Meðal nýjunga í þessu dagatali er vetrarfrí sem fyrirhugað er 31. otk. til 2. nóv. Einnig eru settir aftur fram tvöfaldir dagar sem eru svokallaðir bláir dagar (breytt stundartafla) en þeir mega vera 10. á ári og eru að þessu sinni 8. Það gerir það að verkum að við getum lokið skólastarfi á svipuðum tíma og undangengin ár. Nokkur umræða varð um þessar breytingar en helstu rök fyrir vetrarfrí er að starfsfólk telur að nemendur verði ferskari á löngu hausti að fá nokkra daga í leyfi og það geri allt skólastarf betra og skilvirkara. Skólaráð gerði ekki athugasemdir við skóladagatalið og fer það því frá okkur athugasemdalaust.

## 3. Önnur mál

- Eyrún kom með athugasemd vegna þess að allt sé sett afleysingarkennari í forföll og spurði hvort ekki væri hægt að leyfa nemendum að fá frí þegar það eru forföll. Skólastjóri upplýsti að það væri stefna skólans að hafa afleysingu þegar vantar kennara ef því væri viðkomið.
- Nokkrar umræður spunnust út frá því hvort væri ekki óþægilegt að grunnskóli færi í vetrarfrí en ekki leikskóli þar sem þetta væri sama stofnunin. Skólastjóri upplýsti að ekki væri gert ráð fyrir vetrarfrí í leikskóla því það myndi einfaldlega skerða sumarfrí starfsmanna þar sem því nemur.
- Jónas lýsti óánægju sinni vegna þess að ekki væri farið að gera neitt í þeim úrbótum sem skólaráð lagði til að yrði gert í sérstakri úttekt sem send var til sveitarstrjónar. Meðal annars á leiksvæði leikskólans.

Ekki fleira fyrir tekið

Þorkell Cýrusson ritaði fundargerð